



Námsgrein: Textílmennt

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið felur í sér kerfisbundna þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig þar sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna.

Kennsluaðferðir og skipulag: Í 5.bekk fá nemendur 1.námslotu í hverri námsgrein. Auk þess fá þau val tvisvar á skólaárinu þar sem þau geta valið á milli verkefna úr textílmennt, myndmennt, heimilisfræði og hönnun og smíðum. Hver tími er 80 mínútur og eru tveir tímar á viku. Haldið er áfram að byggja ofan á þá þekkingu sem nemendur hafa. Unnið er vélssaumsverkefni og lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og að tileinka sér hugtök og aðferðir sem tilheyra sumaskap. Skreytingar á verkið eru unnar í tölvu og farið í fablab smíðju menntaskólans þar sem nemendur fá að kynna þeim verkfærum sem eru þar til skreytinga á textíl. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni.

Verkefni hverrar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hverrar lotu.

Námsgögn: Námsgögn frá kennara, af vef, úr bókum og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.	Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum.	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda á Mentor.

<ul style="list-style-type: none"> - Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. - Gengið frá og tekið ábyrgð á sínu verkefni og þeim áhöldum sem verið er að nota hverju sinni. - Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu. - Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. - Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. - sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. - Sagt frá nokkrum tegundum textílefna. - Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna. 	<p>Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum.</p>	
---	--	--